

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



4. tbl. 11. árg. maí 2017

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Mikilvægt nám sem á sér stað á vordögum

Mikið er um að vera í skólanum þessa dagana eins og svo oft síðustu daga skólaársins. Þá fara nemendu í ýmsar ferðir, 10. bekkur vinnur lokaverkefnið sitt og áhersla er lögð á að nálgast önnur námsmarkmið en í daglegu skólastarfi yfir veturinn. Því miður heyrst stundum að þetta séu dagar sem allt í lagi sé að sleppa en svo er þó alls ekki. Þau námsmarkmið sem unnið er að á þessum dögum eru ekki síður mikilvæg en önnur og nemendur læra ekki minna en aðra daga skólaársins. Stundum finnst þeim þetta þó ekki vera nám þar sem það er ekki endilega verið að læra af bók eða blaði. Börn og fullorðnir læra oftast best í gegnum leik og verklega vinnu en átta sig kannski ekki á að þeir séu að læra. Á vordögum er slíkt nám meira áberandi en aðra daga skólaársins og því líklegt að nemendur læri jafnvel meira en oft áður.

Bætum bæinn!- þemavinna

Dagarnir 22.-24. maí verðar helgaðir umhverfinu. Þá verður bekkjarskipan stokkuð upp fyrri hluta dagsins og nemendur vinna í hópum að fjölbreyttum umhverfisverkefnum. Vinnan endar á skróðgöngu um bæinn kl. 10:00 á miðvikudagsmorgun 24. maí og í framhaldi verður götuleikhúsi á miðsvæðinu, sýning á afrakstri vinnunnar, fatamarkaði og fleira. Í göngunni fær skólinn Grænánann afhentan í þriðja sinn sem vott um að hann starfi í anda umhverfisverndar.

Verndum umhverfið – hugum að heilsunni – notum eigin orku

Göngum eða hjólum í skólann, notum hjálm og endurskinsmerki þegar dimmt er. Svo eru regnföt nauðsynleg hverjum Skaftfelling. 😊

Foreldrafundir

Í kjölfar niðurstaðna á könnunum frá Rannsókn og greiningu um hagi og líðan og vímuefnanotkun ungs fólks á Hornafirði verða foreldrafundir hjá 6. – 10. bekk á næstu dögum. Því miður eru niðurstöður þessara kannana ekki góðar þegar horft er til neyslu tóbaks, áfengis og fíkniefni. Á foreldrafundunum verður lögð áhersla á að efla samtakamátt foreldra og samtal því saman geta þeir flutt fjöll. Fundirnir verða sem hér segir;

10. bekkur þriðjudaginn 16. maí kl. 20:00 í Heppuskóla.

9. bekkur miðvikudaginn 17. maí kl. 20:00 í Heppuskóla.

8. bekkur fimmtudaginn 18. maí kl. 20:00 í Heppuskóla.

7. bekkur mánudaginn 22. maí kl. 20:00 í Heppuskóla.

6. bekkur þriðjudaginn 23. maí kl. 20:00 í Hafnarskóla.

Nokkur atriði sem skipta höfuðmáli þegar kemur að því að spyrna gegn neyslu eru;

- Samvera foreldra og barna.
- Unglingar séu þátttakendur í skipulögðum tómstundum.
- Virða útivistartíma.
- Leyfa ekki eftirlitslaus party og kaupa aldrei áfengi fyrir börnin.
- Fylgjast með fjármálum barnanna.

Þetta verða því einskonar vinnufundir þar sem viðfangsefnið verður: Hvernig geta foreldrar sem hópur stutt við bakið hver á öðrum og sent skýr skilaboð til barna sinna um leið og þeir auka möguleika þeirra á að njóta bernskunnar og að láta drauma sína rætast?

Það þarf heilt þorp til að ala upp eitt barn og eftir því sem við vinnum meira saman þeim mun betur vegnar öllum.

Skólaslit Grunnskóla Hornafjarðar

Íþróttahúsinu á Höfn miðvikudaginn 31. maí kl. 17:00 -18:00. Einkunnir og ferilmöppur afhentar, atriði frá nemendum, útskrift 10. bekkinga og fleira. Allir velkomnir en foreldrar sérstaklega hvattir til að mæta með börnum sínum.

